



Fyrirmynd að samtengisamning staðbundins netrekanda



Efnisyfirlit

1. Um samninginn	4
1.1 Aðilar.....	4
1.2 Markmið	4
1.3 Gildistaka.....	4
1.3.1 Nýr viðsemjandi	4
1.3.2 Samtengingarsamningur milli x og viðsemjanda er í gildi.....	4
1.4 Breytingar á samningi	4
1.5 Uppsögn.....	4
1.6 Viðaukar	4
1.7 Skilgreiningar	5
2. Þjónustan	6
2.1 Þjónusta samningsins	6
2.2 Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina, þjónustugæði og þjónustustig.....	6
2.3 Tilkygningar vegna bilana.....	6
2.4 Misnotkun.....	6
3. Samtengingar.....	6
3.1 Samtengingarsvæði og samtengingarpunktar.....	6
3.2 Samtengingarumferð	6
3.3 Þjónustu pöntun.....	6
3.4 Áætlanir.....	6
3.5 Viðurlög og frávik frá áætlunum.....	6
3.6 Hæfi og tæknilegir skilmálar	7
3.7 Takmörkun samtengingar.....	7
4 Verðlagning	7
4.1 Verðmyndun.....	7
4.1.1 Samtengingarumferð	7
4.1.2 Leigulínur	7
4.1.3 Kostnaðardeiling	7
4.2 Verð og breytingar á verðskrá.....	7
4.2.1 Verðskrá	7
4.2.2 Gjaldmiðill.....	7

Samtengingarsamningur milli [X] og viðsemjanda



4.2.3 Verðbreytingar.....	7
4.3 Verðlagning til viðskiptavina	8
5 Uppgjör milli aðila, útskrift reikninga og greiðslur.....	8
5.1 Grundvöllur uppgjörs	8
5.1.1 Uppgjörstímabil.....	8
5.1.2 Gjaldfærsla – magnmæling á umferð	8
5.1.3 Gjaldfærsla annarrar þjónustu.....	8
5.1.4 Skráning samtengingarumferðar	8
5.1.5 Skýrslur um samtengingarumferð	8
5.2 Uppgjör milli aðila - útskrift reikninga og greiðslur	8
5.2.1 Starfsreglur fyrir útskrift reikninga vegna samtengingarumferðar.....	8
5.2.2 Gjaldfrestur.....	8
5.2.3 Greiðsluábyrgð	8
6 Vanefndir.....	8
6.1 Vanefndarúrræði.....	8
6.1.1 Riftun.....	8
6.1.2 Skaðabætur	9
6.1.3 Dráttarvextir	9
6.1.4 Úrræði til að bæta fyrir vanefndir.....	9
7 Óviðráðanleg atvik	9
8 Upplýsingaskylda og höfundarréttarákvæði.....	9
8.1 Upplýsingarskylda.....	9
8.2 Höfundarréttarákvæði.....	10
8.2.1 Almenn ákvæði	10
8.2.2 Sérstakt ákvæði.....	10
9 Þagnarskylda	10
10 Greiðsluþrygging.....	10
11 Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila	10
12 Breytingar á samningnum.....	10
13 Fulltrúar aðila	11
14 Lögsaga og lausn ágreiningsmála.....	11



1. Um samninginn

1.1 Aðilar

Fyrirtækið [x], kt. [x], [heimilsfang], hér eftir [x], og [fjarskiptafyrirtæki], [kt.], [heimili], hér eftir nefndur viðsemjandi gera hér með sér samning, sbr. VII. kafla laga nr. 81/2003 um fjarskipti, með síðari breytingum sem hér eftir er nefndur samningurinn.

1.2 Markmið

Meginmarkmið samningsins er að koma því á að sérhverjum fjarskiptanotanda verði gert kleift að tengjast, með grunnsamtengingarþjónustu, hvaða notanda sem er þó svo að síðarnefndi sé viðskiptavinur hjá öðru fjarskiptafyrirtæki og búnaður hans er þar tengdur.

Í samningi þessum er mælt fyrir um aðgang að notenda sem tengdir eru fjarskiptanetum gagnaðila.

1.3 Gildistaka

1.3.1 Nýr viðsemjandi

Þegar um er að ræða viðsemjendur sem ekki eru með samtengingarsamning við [x] nú þegar þá tekur samningur þessi gildi við undirskrift beggja samningsaðila undir samning þennan.

1.3.2 Samtengingarsamningur milli x og viðsemjanda er í gildi

Þegar samtengingarsamningur er til staðar milli [x] og viðsemjanda tekur nýr samningur við af þeim eldri samtengingarsamning um samtengingu fjarskiptanet, án sérstakrar undirskriftar, þegar uppsagnarfrestur er liðinn, nema í þeim tilvikum sem samningsaðilar semja um að samningurinn fái fyrir gildi.

1.4 Breytingar á samningi

Þegar breytingar eru gerðar á samningi þessum skulu þær birtar og sendar á Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess.

[bæta inn frekari texta]

1.5 Uppsögn

Hvor aðili um sig getur sagt samning þessum upp en uppsögn skal berast með skriflegum hætti og með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót.

Ef [x] segir samning þessum upp skal fyrirtækið samhliða birta nýjan samtengingarsamning sem tekur gildi um leið og hinn eldri fellur úr gildi.

1.6 Viðaukar

Eftirtaldir viðaukar teljast hluti af þessum samning:

Viðauki 1 - Verðskrá [x]

Viðauki 2 - Verðskrá viðsemjanda

Viðauki 2 - Tækniskilmálar

Viðauki 3a - Þjónusta [x]

Viðauki 3b - Þjónusta viðsemjanda

Viðauki 4 - Prófanir

Viðauki 5a - Samtenging og kerfislýsing [x]

Samtengingarsamningur milli [X] og viðsemjanda



Viðauki 5b - Samtenging og kerfislýsing viðsemjanda

Ef misræmi kann að vera á milli samnings þessa og viðauka við hann, þá eru það ákvæði samnings þessa sem gilda.

1.7 Skilgreiningar

Fjarskiptafyrirtæki: Lögaðili eða einstaklingur sem hefur heimild til fjarskiptareksturs og fjarskiptaþjónustu skv. Póst- og fjarskiptastofnun og fyrirhugar að starfa sem slíkur.

Fjarskiptanet: Sendikerfi og þar sem það á við skiptastöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla boðum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.

Fjarskiptaþjónusta: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet.

Fjarskiptaumferð: Fjarskipti á milli fjarskiptaneta eða hluta þeirra.

Grunnsamtengingarþjónusta: Uppruni, umflutningur eða lúkning almennrar fjarskiptaþjónustu og annarrar fjarskiptaþjónustu sem byggist á flutningi merkja.

Internet: Veraldarvefurinn. Samtengt net tölvukerfa um allan heim, byggt á TCP/IP samskiptastaðlinum.

Merkjaumferð: Merkjasetningar á milli fjarskiptaneta eða hluta þeirra.

Merkjasetning: Samskipti á milli fjarskiptaneta eða hluta þeirra, sem fela í sér að skipst er á upplýsingum.

Merkjaleið: Sú leið sem merkjasetningar eru sendar eftir.

Merkjasetningarsamband: Samband milli fjarskiptafyrirtækja sem er gert fyrir merkjasetningar.

Merkjasetning: Þjónusta sem tengist merkjasetningum.

Notandi: Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptaþjónustu.

Samtenging: Efnisleg og rökvis tenging fjarskiptaneta sem gerir notendum kleift að eiga samskipti við aðra notendur eða fá aðgang að þjónustu sem er veitt af öðru fjarskiptafyrirtæki. Ekki skiptir máli hvort þjónustan er veitt af eigendum netsins eða öðrum aðilum sem kunna að hafa aðgang að fjarskiptanetinu.

Samtengingarsamband: Samskipti almennrar fjarskiptaþjónustu milli fjarskiptafyrirtækja sem byggjast á tengingu fjarskiptakerfa þeirra.

Samtengingarsamband: Öll þjónusta sem samningurinn nær yfir og aðilar hafi orðið sammála um.

Samtengingarsamband: Tengipunktur aðila.



2. Þjónustan

2.1 Þjónusta sammingsins

Sú þjónusta sem fólgin er í þessum samning er lýst í viðauka [3a].

2.2 Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina, þjónustugæði og þjónustustig

Þjónusta gagnvart eigin viðskiptavinum, er á ábyrgð hvor aðila fyrir sig. Í þjónustu felst m.a. að viðskiptavinir séu upplýstir um aðgengi að viðkomandi fyrirtæki. Innheimta fer fram hjá hvorum aðila fyrir sig hjá eigin viðskiptavinum. Ábyrgð á því að viðhalda umsömdum þjónustugæðum og þjónustustigi er hjá hvorum aðila.

2.3 Tilkyningar vegna bilana

Bilanir í eigin neti skulu tilkynntar frá hvorum aðila fyrir sig. Veita skal nauðsynlegt aðgengi að búnaði við framkvæmd bilanagreininga svo mögulegt sé að komast fyrir þær svo fljótt sem auðið er. Óheimilt er að vísa til bilana í kerfi gagnaðila sem ástæðu fyrir rofi eða truflunum í eigin neti.

2.4 Misnotkun

Aðilar skulu leitast við að koma í veg fyrir misnotkun í fjarskiptanetum. Ef aðilar verða uppvísir um óeðlilega notkun eða umferð, sem bendir til misnotkunar á fjarskiptanetum skal upplýsa gagnaðila samstundis um slíkt.

3. Samtengingar

3.1 Samtengingarsvæði og samtengingarpunktar

Skilgreiningu á samtengingarsvæði og samtengingarpunktum [x] er að finna í viðauka [5a].

Ber viðsemjanda að skila inn viðauka [5b] um samtengingarsvæði og samtengingarpunkta.

Kostnaður sem hlýst af nauðsynlegum breytingum vegna framþróunar búnaðar eða staðla skal hvor aðili bera sinn eigin kostnað. Ef rekja má breytingar til annarra atriða skal sá aðili sem fer fram á breytinguna bera allan þann kostnað sem af breytingunni hlýst, þ.m.t. kostnað viðsemjanda.

Tilkynna skal breytingar skv. grein þessari með 6 mánaða fyrirvara.

3.2 Samtengingarumferð

Skulu aðilar skuldbinda sig til að sjá til þess að pantanir, stofnun þjónustu, breytingar og rekstur samtengingarumferðar séu skilvirkar og í samræmi við þær gæðakröfur sem aðilar semja um á hverjum tíma. Að öðrum kosti er gjaldfært í samræmi við viðauka [1a].

3.3 Þjónustu pöntun

Á samtengingu er lágmarksleigutími 1 ár.

3.4 Áætlanir

Ber viðsemjanda að leggja fram, í [tiltaka mánuð]mánuði ár hvert, áætlanir um umfang netumferðar samtengistaða og skulu áætlanirnar ná yfir allt næsta almanaksár (12 mánuði). Endurskoða ber áætlanir eins og þörf þykir, en ef gert er ráð fyrir óbreyttu ástandi ef áætlanir eru ekki uppfærðar. Ef veruleg breyting felst í endurskoðun á áætlunum á næstu 3 mánuðum er [x] heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka.

3.5 Viðurlög og frávik frá áætlunum

Bera skal saman áætlanir um samtengingarumferð við raunverulega samtengingarumferð á hverju 6 mánaða tímabili. [x] getur ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda í þeim tilvikum sem hámarksálag er 25% meira en áætlanir gera ráð fyrir.

Samtengingarsamningur milli [X] og viðsemjanda



Er [x] ekki skylt að bregðast við breytingum sem gerðar eru án þess að fyrirvari hafi verið virtur, ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna um breytingarnar með fyrirvara.

3.6 Hæfi og tæknilegir skilmálar

Allur fjarskiptabúnaður skal vera með viðurkenningu um að uppfylla almenna staðla um fjarskiptabúnað. Tækniskilmálar sem búnaður þarf að uppfylla skal vera í samræmi við viðauka [2].

Farið skal eftir skilmálum í viðauka [4] til að sannreyna samhæfni búnaðar í samtengipunkti.

Er [x] heimilt að krefjast þess að viðsemjandi uppfylli lágmarkskröfur um öryggi fjarskiptaneta, samkvæmt reglum Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1221/2007, um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum og nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta.

Ef viðsemjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1. mgr. – 4. mgr. þessa ákvæðis þá getur [x] að undanfengnu samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar, hafnað samtengingu við viðsemjanda að öllu leyti eða hluta.

3.7 Takmörkun samtengingar

Aðilum er heimilt að takmarka samtengingarumferð ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta eða rekstraröryggis nets viðkomandi aðila. Slík takmörkun skal þó tilkynnt fyrirfram ef því verður komið við. Fyrirvaralaus takmörkun á samtengingarumferð er aðeins heimil ef brýn nauðsyn ber til.

4 Verðlagning

4.1 Verðmyndun

4.1.1 Samtengingarumferð

Samtengingarþjónusta er verðlögð samkvæmt viðauka [1a] og [1b].

4.1.2 Leigulínur

Skv. gr. 4.1.3. ber að skipta kostnaði við leigulínur milli samtengingarpunkta sammingsaðila á milli þeirra.

4.1.3 Kostnaðardeiling

Ef eftirfarandi skilyrði er uppfyllt tekur [x] þátt í kostnaði vegna samtengingar þ.e. vegna kostnaði vegna leigulína og [xxx]:

Byggja skal uppgjör á skýrslum um samtengingarumferð, sbr. greinar 5.1.4 og 5.1.5.

4.2 Verð og breytingar á verðskrá

4.2.1 Verðskrá

Verð fyrir samtengingarumferð og samtengingarþjónustu og aðra þjónustu, sbr. viðauka 3 er tilgreint í viðauka [x] og [x].

4.2.2 Gjaldmiðill

Eru verð tilgreind án virðisaukaskatts, í íslenskum krónum og skal virðisaukaskattur lagður á reikningsfjárhæðina samkvæmt þeim reglum sem gilda á hverjum tíma um virðisaukaskatt.

4.2.3 Verðbreytingar

Verðbreytingar á samtengingarþjónustu og annarri þjónustu skv. samningnum til hækkunar eða lækkunar eru heimilar hvorum aðila um sig með a.m.k. 60 daga skriflegum fyrirvara. Breytingar á umsömdum gjaldaliðum sem verið hafa í gildi og tilgreindir eru í verðskrá hlutaðeigandi

Samtengingarsamningur milli [X] og viðsemjanda



samningsaðila flokkast þó eingöngu undir slíkar breytingar. Ber að fara eftir ákvæðum 1.4. gr. um nýja gjaldaliði eða aðrar efnisbreytingar.

4.3 Verðlagning til viðskiptavina

Hvor samningsaðili um sig sér um og ber ábyrgð á verðlagningu til eigin viðskiptavina.

5 Uppgjör milli aðila, útskrift reikninga og greiðslur

5.1 Grundvöllur uppgjors

5.1.1 Uppgjörstímabil

Við uppgjörstímabil fyrir samtengingarumferð milli viðsemjanda og [x] skal miða við almanaksmánuð. Á hið sama við um uppgjörstímabil fyrir samtengingarþjónustu.

5.1.2 Gjaldfærsla – magnmæling á umferð 5.1.3 Gjaldfærsla annarrar þjónustu

Vegna gjaldfærslu annarrar þjónustu ber að fara eftir viðauka 1a og 1b.

5.1.4 Skráning samtengingarumferðar

Mæla skal og skrá samtengingarumferð frá því að hún byrjar. Er slík mæling nauðsynlegur grundvöllur reikningafærslu samningsaðila.

5.1.5 Skýrslur um samtengingarumferð

Samningsaðilar skulu senda skýrslur um forsendur reikningafærslunnar (á rafrænu formi samkvæmt nánara samkomulagi) strax að loknu uppgjörstímabili, þó eigi síðar en tíunda dag næsta mánaðar eftir að viðkomandi uppgjörstímabili er lokið.

5.2 Uppgjör milli aðila - útskrift reikninga og greiðslur

5.2.1 Starfsreglur fyrir útskrift reikninga vegna samtengingarumferðar

[Í samningnum skal vera fyrirkomuleg um úrlaus deilumála]

5.2.2 Gjaldfrestur

Skulu reikningstímabil miðuð við almanaksmánuð og útgáfudagur reikninga í lok þess mánaðar. Gjaldtagi reikninga er 20 dögum eftir lok reikningstímabils og eindagi að jafnaði 2. dag næsta mánaðar þar á eftir. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags.

5.2.3 Greiðsluábyrgð

6 Vanefndir

Ef samningsaðili telur að um vanefndir á samningi sé að ræða af hálfu gagnaðila ber samningsaðila að tilkynna það skriflega strax eftir að honum varð eða mátti verða kunnugt um vanefndirnar.

6.1 Vanefndarúrræði

6.1.1 Riftun

Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað:

a) ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum, tæknilega eða viðskiptalega eins og þær koma fram í samningnum;

Samtengingarsamningur milli [X] og viðsemjanda



b) ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans; eða

c) ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í meira en 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika.

d) ef gagnaðili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni.

Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.

Þrátt fyrir lið c) hér að framan þá teljast vanskil alltaf veruleg vanefnd ef þau hafa staðið í meira en 2 mánuði frá gjalddaga.

6.1.2 Skaðabætur

Bótaskylda aðila takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af vanefndum, enda megi rekja vanefnd til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu.

Bótaábyrgð nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.

6.1.3 Dráttarvextir

Reikna skal hæstu leyfilega dráttarvexti, lögum samkvæmt, frá gjalddaga til greiðsludags ef dráttur verður á greiðslu aðila samkvæmt samningnum.

6.1.4 Úrræði til að bæta fyrir vanefndir

Samningsaðili, sem hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, hefur rétt til að bæta þar úr innan frests, sem honum er settur í því skyni að viðlagðri riftun. Honum ber þá að grípa til slíkra úrræða strax og honum hefur borist tilkynning um vanefndirnar eða honum má vera það ljóst með öðrum hætti. Bæti samningsaðili ekki úr tilgreindum vanefndum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum í heild eða að hluta.

Ákvæði þetta gildir þó ekki ef slíkum úrræðum verður ekki við komið af óviðráðanlegum ástæðum eða ef nauðsynleg úrræði hafa í för með sér veruleg óþægindi eða umtalsverðan aukakostnað fyrir þann sem ábyrgð ber á samningsrofinu.

7 Óviðráðanleg atvik

Skyldur aðila samkvæmt samning þessum, sem aðili getur ekki uppfyllt vegna óviðráðanlegra atvika skulu falla niður á meðan slíkt ástand varir.

Ber aðila sem hyggst nýta sér þetta ákvæði, að tilkynna gagnaðila tafarlaust um orsök slíkra vandkvæða, og tilgreina hve langi megi búast við að þau vari og hvaða áhrif þau kunni að hafa.

8 Upplýsingaskylda og höfundarréttarákvæði

8.1 Upplýsingarskylda

Aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um tæknileg atriði sem ómissandi eru við framkvæmd samnings þessa ber hvorum aðila um sig að veita gagnaðila.



8.2 Höfundarréttarákvæði

8.2.1 Almennt ákvæði

Hverskonar yfirfærsla á höfundarrétti frá einum samningsaðila til annars er óheimil skv. samning þessum, nema þar sem ákvæði samnings þessa kveða sérstaklega á um það.

8.2.2 Sérstakt ákvæði

Ef gert hefur verið sérstakt samkomulag á milli aðila, í tengslum við framkvæmd samnings þessa, um endurbætur eða frekari þróun á tæknilegum lausnum eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, þá skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.

9 Þagnarskylda

Samningsaðilar skuldbinda sig til að ljósra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa móttengið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.

Til trúnaðarupplýsinga teljast ekki upplýsingar, sem eru eða ætla má að verði á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, nema slíkt stafi af broti á þessu ákvæði.

Við framkvæmd samnings þessa skal einungis nota upplýsingar í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er.

Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að aðilar veiti ákærvaldi eða öðrum yfirvöldum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.

Þagnarskylda skal gilda í fimm ár eftir að gildistíma samningsins lýkur.

10 Greiðslutrygging

[x] er heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við óskir viðsemjanda um samtengingarumferð.

11 Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila

Framsal viðsemjanda á réttindum og skyldum samkvæmt samningi þessum er með öllu óheimilt án skriflegs samþykkis frá [x].

Framsal viðsemjanda á réttindum og skyldum samkvæmt samningi þessum, til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti, er þó heimilt að því skilyrði uppfylltu að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega til [x] að það taki á sig allar skyldur framseljanda samkvæmt samningnum.

12 Breytingar á samningnum

Ef forsendur samnings hafa breyst verulega eða lögum hefur verið breytt með þeim hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum þá hefur hvor samningsaðili um sig rétt til að krefjast endurskoðunar á samningnum.



13 Fulltrúar aðila

Aðilar sammings þessa skulu tilkynna með skriflegum hætti, hvor um sig, hver sé fulltrúi hans vegna sammings þessa. Ef aðili óskar eftir að tilnefna nýjan fulltrúa skal tilkynna gagnaðila slíkt með skriflegum hætti.

Allar orðsendingar viðvirkjandi framkvæmd sammingsins skulu sendar tilgreindum fulltrúa gagnaðila, nema annars sé getið í samningnum eða viðaukum.

Aðilar hafa tilnefnt eftirtalda menn sem fulltrúa sína:

[x]: XXXXXXXXXXXXXX
Fjarskiptafyrirtæki hf. (viðsemjandi) : XXXXXXXXXXXXXXXX

14 Lögsaga og lausn ágreiningsmála

Samningur þessi skal lúta íslenskum lögum.

Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd sammingsins skulu þeir semja um lausn hans sín í milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna skv. fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun á hverjum tíma.

Mál út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

[Staður], [dags.]

[x].

[Fjarskiptafyrirtæki hf.].